

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 8/2002

frá 1. febrúar 2002

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfis mál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2001 frá 11. desember 2001⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun ráðsins 2001/204/EB frá 8. mars 2001 um viðbót við tilskipun 90/219/EBE að því er varðar viðmiðanir til að ákvarða hvort tiltekna erfðabreyttar örverur séu öruggar með tilliti til heilbrigðis manna og umhverfis⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr

Eftirfarandi undirliður bætist við í 24. lið (tilskipun ráðsins 90/219/EBE) í XX. viðauka við samninginn:

„- **32001 D 0240:** Ákvörðun ráðsins 2001/204/EB frá 8. mars 2001 (Stjtið. EB L 73, 15.3.2001, bls. 32).“

2. gr.

Texti ákvörðunar 2001/204/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 65, 7.3.2002, bls. 44 og EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 13, 7.3.2002, bls. 25.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 73, 15.3.2001, bls. 32.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 2. febrúar 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.